



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. P 139/466

komudagur 29.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010 02-2010110725

T-ums 79/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um sérstakan skatt á  
fjármálafyrirtæki - 196. mál, þskj. 213.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 22. nóvember 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.


Í frumvarpinu er lagt til að tekinn verði upp sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki þar sem skattstofninn er heildarskuldir eins og þær koma fram á skattframtali að frádregnum þeim hluta tryggðra innstæðna sem Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta greiðir út ef kemur til greiðsluskyldu hans.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins en bendir á að samkvæmt gildistökuákvæði þess er fyrirhugað að löggin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Vegna þessa er rétt að fram komi að fyrirhuguð skattlagning kallar á töluverðan undirbúning og forritunarvinna hjá ríkisskattstjóra og þeim fyrirtækjum sem annast framleiðslu og rekstur tölvukerfa sem í hlut eiga.

Tíminn til undirbúnings er skammur, þótt líklegt sé að unnt verði að skipuleggja undirbúningsvinnu með þeim hætti að framkvæmdin ætti að verða skammlaus. Hitt verður að gera alvarlega athugasemd við með hvaða hætti umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er sett fram. Um er að ræða staðlaða umsögn um að frumvarpið hafi í för með sér óveruleg útgjöld fyrir ríkissjóð sem rúmast innan fjárheimilda ráðuneytisins. Engar athuganir hafa farið fram á því af hálfu fjárlagaskrifstofunnar hversu mikla vinnu þurfi að leggja í vegna undirbúningsins, engin greiningarvinna hefur hafist og fullyrðing um að óverulegur kostnaður sé af þessu er misvísandi ef ekki röng. Þá virðist ekki heldur vera tekið tillit til þessað umtalsverður niðurskurðar hefur verið boðaður á fjárheimildum ríkisskattstjóra.

Virðingarfyllt

  
Skúli Eggeri Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir